



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2020  
R20010269

Borgarráð

***Starfshópur um meðferð og afgreiðslu bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um viðbrögð við bótakröfum á hendur Reykjavíkurborg eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að taka afstöðu til bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg með það að markmiði að tryggja samræmi, jafnræði og skilvirkni við úrlausn mála.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um meðferð og afgreiðslu bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg, drög

## **Drög - E R I N D I S B R É F**

### **starfshóps um meðferð og afgreiðslu bótaskrafa á hendur Reykjavíkurborg**

**Ábyrgðarmaður:**  
Borgarstjóri

**Starfshópurinn skipa:**  
Ebba Schram borgarlögmaður, formaður  
Helga Björk Laxdal skrifstofa borgarstjórnar  
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir umhverfis- og skipulagssvið  
Ívar Örn Ívarsson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Starfsmaður hópsins: Þórhildur L. Ólafsdóttir embætti borgarlögmanns.

#### **Hlutverk:**

Hlutverk starfshópsins er að taka afstöðu til bótaskrafa á hendur Reykjavíkurborg með það að markmiði að tryggja samræmi, jafnræði og skilvirkni við úrlausn mála.

#### **Helstu verkefni:**

- Að fara yfir þær bótaskröfur á hendur Reykjavíkurborg sem vísað er til starfshópsins
- Að taka afstöðu til réttmæti krafna, þ. á m. hvort og þá hversu háar bætur skuli greiða.
- Að setja sér starfsreglur svo markmiði starfshópsins verði náð.
- Að taka til skoðunar ágreiningsmál sem lögð eru fyrir starfshópinn, þar sem annmarkar kunna að hafa verið á meðferð máls af hálfu Reykjavíkurborgar.

#### **Til ráðgjafar og samstarfs:**

- Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

#### **Starfstími:**

Starfshópurinn er skipaður til lok árs 2022.

Reykjavík 21. janúar 2020

Dagur B. Eggertsson